

33

4. marz

REGLUGERÐ**um sérstakan tímareikning.**

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Frá og með 8. marz 1942, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið, skal hafa sérstakan tímareikning á Íslandi, þannig að klukkan verði færð fram um eina klukkustund frá svo nefndum íslenskum meðaltíma.

Þetta kemur til framkvæmda þannig, að klukkan eitt eftir miðnætti eftir íslenskum meðaltíma aðfaranótt sunnudagsins 8. marz, færizt klukkan fram um eina klukkustund og verður tvö.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. marz 1942.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

34

7. marz

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir Templarahöll Reykjavíkur I. O. G. T., útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 7. marz 1942. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ**fyrir Templarahöll Reykjavíkur I. O. G. T.****1. gr.**

Templarahöll Reykjavíkur I. O. G. T. er sjálfstæð stofnun, sem lýtur þeim reglum um hlutverk og skipulag, er skipulagsskrá þessi hefur að geyma.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er, og skal jafnan vera, að sjá Góðtemplarastúkum í Reykjavík fyrir samkomustað og heimili, er jafnframt sé miðstöð Góðtemplarastarfseminnar í Reykjavík og á Íslandi, svo og miðstöð annarrar bindindisstarfsemi og baráttu gegn áfengisnautn í landinu, eftir því, sem með þarf og við verður komið á hverjum tíma.

3. gr.

Til stofnunarinnar eru í upphafi lagðar þessar eignir:

- a. Lóðin nr. 11 við Frikirkjuveg í Reykjavík með húsum, innanstokksmunum, skrautgarði og girðingum, sem á henni eru, eins og þessi eign var afhent Góðtemplarareglunni í Reykjavík með samningi, dags. 1. nóvember 1941.
- b. Hússjóður Góðtemplara í Reykjavík.
- c. Húsbyggingarsjóður Þingstúku Reykjavíkur.
- d. Réttindi seljanda samkvæmt kaupsamningi gerðum 2.—13. júlí 1935, milli níu Góðtemplarastúkna í Reykjavík annars vegar og ríkisstjórnar Íslands hins vegar, eins og þau réttindi eru nú.
- e. Réttindi þau, sem Góðtemplarareglunni í Reykjavík eru veitt með samþykkt bæjarráðs Reykjavíkur 8. október 1937.